

SKÝRSLA ENDURSKOÐUNARNEFNDAR NOVA STARFSÁRIÐ 2023-2024

Umboð og tilgangur:

Stjórn skipar endurskoðunarnefnd í samræmi við kafla IX. A. í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd annast eftirlit með reikningsskilum Nova Klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, gerð ársreikninga, áhættustýringu og öryggismálum, og er þannig stjórn til aðstoðar og ráðgjafar til að gera störf hennar skilvirkari.

Skipan:

Stjórn skipaði, í kjölfar aðalfundar félagsins þann 29. apríl 2023, þá Helga F. Arnarson, Jóhannes Þorsteinsson og Jón Óttar Birgisson í endurskoðunarnefnd félagsins. Þeir Jóhannes og Jón Óttar sitja í stjórn félagsins, en Helgi er óháður utanaðkomandi ráðgjafi, löggiltur endurskoðandi, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Starfskjör nefndarinnar fara eftir ákvörðun aðalfundar.

Regluvörður félagsins var nefndinni innan handar um skipulag vinnu hennar og ritaði fundargerðir.

Starfsreglur:

Gildandi starfsreglur nefndarinnar voru samþykktar af nefndinni þann 17. nóvember 2022. Í reglunum er nánar kveðið á um hlutverk nefndarinnar, skipan hennar og samsetningu, fyrirkomulag funda, starfsskyldur, heimildir, aðgang að gögnum og trúnaðarskyldu.

Starfsáætlun:

Endurskoðunarnefnd starfaði eftir starfsáætlun sem samþykkt var á fundi nefndarinnar þann 18. ágúst 2024. Starfsáætluninni er ætlað að aðstoða nefndina við að skipuleggja vinnu sína með það að markmiði að hún sinni hlutverki sínu í samræmi við lög, starfsreglur og góða stjórnarhætti. Starfsáætlunin er leiðbeinandi en ekki tæmandi og er fyrst og fremst ætlað að styðja við faglegt starf nefndarinnar.

Helstu verkefni ársins:

Til að rækja hlutverk sitt hélt nefndin fimm fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Að yfirfara uppgjör félagsins, bæði ársuppgjör og árshlutauppgjör
- Að rýna verklag og ferla innra eftirlits með reikningsskilum
- Að meta óhæði ytri endurskoðenda
- Að rýna endurskoðunaráætlun ytri endurskoðenda og ráðningarbréf
- Að rýna drög að skýrslum ytri endurskoðenda
- Að eiga samtalið við endurskoðendur um samstarf við félagið um endurskoðunarvinnuna
- Að eiga samtalið við stjórnendur um samstarf við endurskoðendur um endurskoðunarvinnuna
- Að gera tillögu til stjórnar um kjör endurskoðenda
- Að yfirfara kostnað af endurskoðun

- Að rýna skýrslu öryggisstjóra um netöryggi og áhættumat og gera tillögur að úrbótum

Annað:

Engir sérstakir annmarkar komu fram við störf nefndarinnar á starfsárinu. Hún hafði eðlilegan aðgang að gögnum og átti í góðu samstarfi við stjórn, forstjóra og aðra stjórnendur.

Við teljum að við höfum rækt þær skyldur sem á okkur eru lagðar af stjórn, í samræmi lög og starfsreglur nefndarinnar.

Samþykkt af endurskoðunarnefnd Nova Klúbbsins hf. 23. febrúar 2024